



Norræna ráðherranefndin

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2014 – samantekt





Efnisyfirlit

- 5 **Verkefna- og fjárhagsáætlun 2014**
- 6 Heildarrammi fjárhagsáætlunar og skipting fjárveitinga á fagsvið
- 8 Meginþættir fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014
- 8 Forgangsröðun ráðherranefndarinnar
- 15 Samráð við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun fyrir árið 2014
- 15 Tekjuliðir fjárhagsáætlunar og framlög landanna
- 16 Áætlað framlag frá löndunum í gjaldmiðli hvers lands
- 17 **Þróun fjárhagsáætlana og lausafjárstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar**
- 17 Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2010–2012
- 19 Þróun fjárhagsáætlana á tímabilinu 2003–2014
- 20 Þróun lausafjárstöðu
- 21 Fylgiskjal 1: Fjárveitingar til norrænna stofnana í gjaldmiðli viðkomandi lands
- 22 Fylgiskjal 2: Yfirlit yfir alla liði fjárhagsáætlunarinnar
- 29 Fylgiskjal 3: Gengi gjaldmiðla og verðbólægustig 2014

Norræna ráðherranefndin
Verkefna- og fjárhagsáætlun 2014 – samantekt

ISBN 978-92-893-2694-0

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2014-712>

ANP 2014:712

© Norræna ráðherranefndin 2014

Prentun: Scanprint as

Upplag: 250

Printed in Denmark



www.norden.org/is/utgafa

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Með *norrænu samstarfi* er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin


Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Telefon (+45) 3396 0200

www.norden.org

Verkefna- og fjárhagsáætlun 2014



Heildarrámi fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 nemur rúmlega 955 MDKK. Í fjárhagsáætluninni er nú sem áður lögð mikil áhersla á að efla norrænt samstarf með þeim viðfangsefnum sem fjárhagsrámminn leyfir.

Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að forgangsfjárveiting sú sem kynnt var til leiks árið 2013 haldi áfram. Forgangsfjárveitingin á að stuðla að endurnýjun og þróun norræns samstarfs. Hluta af forgangsfjárveitingunni er ætlað að fjármagna verkefni sem formennskulandið hyggst setja af stað. Hvert land hefur þrjú ár til að vinna að forgangsverkefnum sínum. Nokkur sænsk formennskuverkefni frá árinu 2013 halda áfram árið 2014. Einnig bætast við þrjú ný íslensk formennskuverkefni á árinu 2014, þ.e. lífhagkerfið, velferðarvaktin og norræni spilunarlistinn.

Auk þeirra áherslna sem felast í forgangsfjárveitingunni er einnig gert ráð fyrir sérstakri áherslu á samstarf um afnám stjórnsýsluhindrana á árinu 2014, en þá tekur gildi ný stefnumörkun og framkvæmdáætlun um samstarfið og komið verður á fót Stjórnsýsluhindrunaráði. Til viðbótar þessu er gert ráð fyrir fjölda viðfangsefna með tilheyrandi starfsemi í öllum fagráðherranefndum.

Fjárhagsáætlunin felur í sér 5 % lækkun miðað við fjárhagsáætlun fyrir árið 2013.

Norrænt samstarf þarf að þróa og endurnýja og því eru í undirbúningi ýmsar aðgerðir sem miða að því að efla samstarfið, gera það skilvirkara og markvissara.

Fjárhagsáætlunin hefur við ýmis tækifæri verið rædd við Norðurlandaráð. Niðurstaða samráðs við Norðurlandaráð er sterk fjárhagsáætlun þar sem pólitísk forgangsröðun er skýr.

Kaupmannahöfn, 27. nóvember 2013

Dagfinn Høybråten
framkvæmdastjóri



Heildarrammí fjárhagsáætlunar og skipting fjárveitinga á fagsvið

Heildarrammí fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2014 nemur samtals **955.215 þús. DKK** og nemur niðurskurðurinn 5 % miðað við fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 (á verðlagi ársins 2013). Það samsvarar 49 milljóna DKK sparnaði.

Rammann má skilgreina á eftirfarandi hátt:



HEILDARRAMMI	Þús. DKK
Fjárhagsáætlun 2013	986.726
Sparnaður 5 %	-49.336
Samþykktur fjárhagsrammi fyrir árið 2014 á verðlagi ársins 2013	937.390
Áhrif verðbólgu milli ára	16.003
Áhrif gengisbreytinga milli ára	1.822
Samtals á verðlagi ársins 2014	955.215

Við heildarrammann fyrir árið 2014 (á verðlagi ársins 2013) þarf að bæta áhrifum vegna áætlaðrar verðbólgu og breytinga á gengi samkvæmt þeim verðlagsstuðlum og gengi gjaldmiðla sem sjá má í fylgiskjali 3 og fæst þá heildarrammí fjárhagsáætlunar fyrir Norrænu ráðherranefndina árið 2014.

Vegna framreiknings í fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 koma til verðbætur að upphæð 16.003 þús. DKK, sem svarar til hækkunar fjárhagsáætlunarinnar um 1,7 %. Umreikningur á fjárveitingum til stofnananna í gjaldmiðli viðkomandi land yfir í DKK hækkar fjárhagsáætlunina um 1.822 þús. DKK. Rétt er að árétta að þetta hefur engin raunveruleg áhrif á upphæð fjárhagsáætlunarinnar (og framlag landanna) eða á upphæð fjárveitinga til stofnananna. Gengi gjaldmiðla er eingöngu notað til að umreikna fjárveitingar til stofnana yfir í DKK, en þær eru greiddar út í gjaldmiðli landsins þar sem viðkomandi stofnun hefur aðsetur.

Á næstu blaðsíðu má sjá hvernig heildarrammí fjárhagsáætlunarinnar skiptist á fjárhagsramma fagsviðanna árið 2014.

**SAMANBURÐUR Á FJÁRHAGSÁÆTLUNUM FYRIR ÁRIN 2014 OG 2013 (verðlag hvers árs í þús. DKK)**

	Fjárhags- áætlun 2014	Hlutdeild	Fjárhags- áætlun 2013	Hlutdeild	+/-	Mismunur %
Fjárveiting til forgangsverkefna	74.768	7,8 %	81.441	8,3 %	-6.673	-8,2 %
Formennskusjóður	30.480	3,2 %	20.360	2,1 %	10.120	49,7 %
Forgangsverkefnasjóður	44.288	4,6 %	61.081	6,4 %	-16.793	-27,5 %
MR-Kultur, MR-FJLS, MR-JÄM	217.891	22,8 %	224.051	22,7 %	-6.160	-2,7 %
Menningarmál	167.879	17,6 %	173.335	17,6 %	-5.456	-3,1 %
Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli	41.093	4,3 %	41.598	4,4 %	-505	-1,2 %
Jafnréttismál	8.919	0,9 %	9.118	0,9 %	-199	-2,2 %
MR-U, MR-S	278.677	29,2 %	283.930	28,8 %	-5.253	-1,9 %
Menntun og rannsóknir	238.384	25,0 %	243.071	24,6 %	-4.687	-1,9 %
Félags- og heilbrigðismál	40.293	4,2 %	40.859	4,1 %	-566	-1,4 %
MR-NER, MR-Miljø, MR-A, MR-Finans	185.409	19,4 %	188.930	19,1 %	-3.521	-1,9 %
Atvinnu-, orku- og byggðamál	125.500	13,1 %	127.694	12,9 %	-2.194	-1,7 %
Umhverfismál	44.392	4,6 %	45.389	4,6 %	-997	-2,2 %
Vinumarkaður og vinnuvernd	13.698	1,4 %	13.992	1,4 %	-294	-2,1 %
Efnahags- og fjármál	1.819	0,2 %	1.855	0,2 %	-36	-1,9 %
MR-Lag	1.390	0,1 %	1.418	0,1 %	-28	-2,0 %
Löggjafarmál	1.390	0,1 %	1.418	0,1 %	-28	-2,0 %
Samstarfsráðherrar	197.080	20,6 %	206.956	21,0 %	-9.876	-4,8 %
Alþjóðlegt samstarf	89.718	9,4 %	95.592	10,0 %	-5.874	-6,1 %
Skrifstofa ráðherranefndarinnar	78.204	8,2 %	80.804	8,2 %	-2.600	-3,2 %
Önnur samnorræn starfsemi	29.158	3,1 %	30.560	3,1 %	-1.402	-4,6 %
SAMTALS	955.215	100 %	986.726	100 %	-31.511	-3,2 %

Skiptingu heildarramma á fjárlagaliðina í DKK má sjá í fylgiskjali 2.



Meginþættir fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014

Norræna ráðherrernefndin er vettvangur formlegs samstarfs ríkisstjórna norrænu landanna. Starf ráðherrernefndarinnar byggist á Helsingforssamningnum, sem síðast var endurskoðaður árið 1995.

Samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) bera ábyrgð á að samræma störf ráðherrernefndarinnar. Samstarfið fer fram í tíu fagráðherrernefndum.

Löndin skiptast á að fara með formennsku Norrænu ráðherrernefndarinnar eitt ár í senn og taka Íslendingar við formennsku Norrænu ráðherrernefndarinnar af Svíum í upphafi ársins 2014.

Samstarfsráðherrar hafa ákveðið að spara 5 % í fjárhagsáætlun ráðherrernefndarinnar fyrir árið 2014. Þeir ákváðu einnig að sparnaðinum skuli ná með því að lækka fjárhagsramma allra fagsviða um 3,5 %, og til viðbótar að lækka fjárveitingu til forgangsverkefna um 5 milljónir DKK, lækka framlög til menningarsamstarfs um 1,4 milljónir DKK, til alþjóðlegs samstarfs um 4,4 milljónir DKK og loks skal spara 4 milljónir DKK í stjórnsýslu í norrænu samstarfi.

Þrátt fyrir kröfur um 5 % samdrátt halda forgangsverkefni frá árinu 2013 sem varða „Grænan hagvöxt“ og „Sjálfbæra velferð“ áfram og eins halda formennskuverkefni Svía frá árinu 2013 áfram á árunum 2014 og 2015. Að auki koma svo ný verkefni sem Íslendingar leggja til, en þeir fara með formennsku árið 2014, og beinast þau að „Lífhagkerfi“, „Velferðarvaktinni“ og „Tónlistarútlutningi“ á vegum NOMEX.

Framkvæmdastjóri ráðherrernefndarinnar leggur tillögu að fjárhagsáætlun fyrir samstarfsráðherrana. Tillagan byggist á ramma fjárhagsáætlunar sem samstarfsráðherrar samþykkja í febrúar og er hún unnin í nánu samráði við fagráðherrernefndirnar. Tillaga samstarfsráðherranna að fjárhagsáætlun er samþykkt í september á grundvelli tillögu framkvæmdastjórans og umsagnarferlis í löndunum. Að höfðu samráði við Norðurlandaráð samþykkja

samstarfsráðherrarinnir endanlega fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 í október 2013.

Hér fer á eftir lýsing á forgangsröðun einstakra fagsviða Norrænu ráðherrernefndarinnar á árinu 2014.

Forgangsröðun ráðherrernefndarinnar

Samstarfsráðherrarinnir samþykktu á árinu 2012 að stofna til sérstakrar fjárveitingar til forgangsverkefna innan fjárhagsramma Norrænu ráðherrernefndarinnar fyrir árið 2013.

Fjárveitingu til forgangsverkefna er ætlað að hrinda af stað nýjum og víðtækum forgangsverkefnum um tiltekin þemu. Á árinu 2014 verður áhersla lögð á verkefni sem Svíar og Íslendingar óska að veita forgang á meðan þeir fara með formennsku, ásamt málaflökunum grænn hagvöxtur og heilsa og velferð, ásamt því að halda áfram tilteknum hnattvæðingarverkefnum.

Þema: Hlutar formennskunnar

Af þeim hluta fjárveitingar til forgangsverkefna sem er eyrnamerkur verkefnum sem Svíar áttu frumkvæði að á meðan þeir fóru með formennsku árið 2013 verður þremur verkefnum haldið áfram á árinu 2014: 1) tengslanet sérfræðinga í því skyni að leiða saman hagsmunaaðila frá námu- og málmvinnslu á Norðurlöndum (NordMin), 2) verkefni til að bæta eftirlit með losun skammærra lofttegunda sem hafa áhrif á loftslag á Norðurlöndum, svokallaðra SLCP og 3) verkefni sem með starfsþjálfun stuðlar að hagnýtri og viðurkenndri menntun sem veitir réttindi og sem leiðir til starfa.

Á meðan Íslendingar fara með formennsku árið 2014 verður ýtt úr vör þremur verkefnum innan ramma fjárveitingar til forgangsverkefna: 1) verkefni um norrænt lífhagkerfi sem felur í sér samstarfsverkefni milli ráðherrernefnda sem bera ábyrgð á atvinnulífi, nýsköpun, umhverfismálum og náttúruauðlindum, 2) verkefni um norrænu velferðarvaktina sem felur í sér úttekt á lausnum

og úrræðum á velferðarsviði sem gripið hefur verið til í því skyni að takast á við vandkvæði og viðfangsefni sem norrænu velferðarkerfin standa gagnvart og 3) verkefni um norræna spilunarlistann sem fjallar um útflutning skapandi greina, einkum útflutning á norrænni tónlist.

Þema: Grænn hagvöxtur

Framtíðarsýnin um *Norðurlönd – leiðandi í grænum hagvexti* leggur áherslu á að Norðurlönd sameinist um að nýta stöðu sína hvað varðar orkusparnað, þróun endurnýjanlegra orkugjafa, umhverfisvitund, nýsköpunar- og rannsóknaverkefni og metnaðarfull alþjóðleg markmið í umhverfis- og loftslagsmálum. Með samstarfi norrænu ríkjanna geta verkefni á sviði græns hagvaxtar orðið stærri, myndað stærri markað og haft meiri pólitísk áhrif í yfirstandandi alþjóðlegum ferlum.

Á fundi norrænu forsætisráðherranna í nóvember 2011 fólu þeir hinum ýmsu fagráðherrum að þróa áfram átta tillögur að verkefnum sem fram komu í skýrslunni *Norðurlönd – leiðandi í grænum hagvexti* frá starfshópnum um grænan hagvöxt.

Framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar á að tryggja skilvirka og nána samræmingu starfsins sem samstarfsráðherrarnir hafa samþykkt að eigi að fara fram í viðkomandi norrænum fagráðherranefndum en þetta starf er forgangsmál árið 2014.

Þema: Sjálfbær norræn velferð

Sjálfbær norræn velferð er áætlun Norrænu ráðherranefndarinnar um nýjar velferðarlausnir. Norðurlönd þurfa öll að takast á við sömu áskoranir til að tryggja þróun og sjálfbærni velferðarkerfa. Áskoranirnar tengjast ýmsum samfélagsbreytingum sem lúta t.d. að hnattvæðingu, lýðþróun, viðhorfsbreytingum, tækniþróun og fleiru.

Áætlunin *Sjálfbær norræn velferð*, sem nær yfir tímabilið 2013–2015, stuðlar að samstarfi um raunverulegar lausnir og skapar samstarfsvettvang um skoðanaskipti og þekkingarmiðlun.

Innan ramma áætlunarinnar er brugðist við hvatningu norrænu forsætisráðherranna frá 10. júní 2012 til norrænna heilbrigðisráðherra um að semja tillögur um þróun norræns samstarfs á heilbrigðissviði, þ.á.m. um prófun nýrra lyfja og meðferða, samstarf um sérhæfða starfsemi ásamt rannsóknum á sviði heilbrigðis- og velferðarmála. Í áætluninni felast einnig, auk þróunar og nánari útfærslu á norrænu samstarfi á heilbrigðissviði, aðgerðir á sviði mennta og vinnumarkaðar.

Áætlunin *Sjálfbær norræn velferð* verður unnin með aðgerðum og verkefnum á eftirfarandi þremur sviðum:

- Menntun og störf í þágu velferðar
- Rannsóknir í þágu velferðar
- Innviðir í þágu velferðar

MR-U og MR-S eru í sameiningu framkvæmdaaðilar verkefnisins og bera því meginábyrgð á áætluninni *Sjálfbær norræn velferð*.

Þema: Hnattvæðingarverkefni Norrænu ráðherranefndarinnar

Hnattvæðingin var skilgreind sem nýtt áherslusvið norræns samstarfs í tengslum við fund forsætisráðherranna í Punkaharju í Finnlandi árið 2007. Frá því á árinu 2008 hefur samtals 22 hnattvæðingarverkefnum verið hrint af stað á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar. Grunnhugmyndin var að hnattvæðingarverkefninu í heild lyki í árslok 2012, en ákveðið hefur verið að framhald verði á nokkrum verkefnum árið 2014.

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) leggja einnig sérstaka áherslu á alþjóðlegt samstarf, einkum samstarf við nágrannalönd á Eystrasaltssvæðinu, viðleitni til að fyrirbyggja og afnema stjórnsýsluhindranir, ásamt starfi að sjálfbærri þróun.

Alþjóðlegt samstarf. Markmið alþjóðlegs samstarfs Norrænu ráðherranefndarinnar er að efla sameinaðan styrk svæðisins með sérstakri áherslu á Eystrasaltssvæðið. Aðgerðir sem beinast að málefnum norðurskautssvæðisins halda áfram með samstarfsáætlun um málefni norðurskautsins og samstarfi við nágranna



Í vestri verður haldið áfram í samræmi við áætlunina. Samstarfsráðherrarnir munu þróa alþjóðlegt samstarf, form þess og innihald, í samráði við Norðurlandaráð.

Markmið samstarfs Norrænu ráðherranefndarinnar við nágrennalöndin á Eystrasaltssvæðinu og á Barentssvæðinu er að skapa heildstætt, velmegandi og stöðugt svæði og með samstarfi á sviðum þar sem hagsmunir fara saman. Norræna ráðherranefndin hefur árum saman átt samstarf við Eistland, Lettland og Litháen og Norðvestur-Rússland, en þar gegna fjórar skrifstofur ráðherranefndarinnar mikilvægu hlutverki. Undanfarin ár hefur svæðisbundið samstarf verið aukið, bæði með stefnu Evrópusambandsins um málefni Eystrasaltssvæðisins og með sameiginlegum verkefnum og áætlunum með Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi. Ráðherranefndin á einnig samstarf við önnur svæðisbundin ráð og samtök og við ESB og tekur þátt í samstarfi innan Norðlægu víddarinnar. Enn fremur er hafið samstarf við Pólland og Þýskaland á völdum sviðum sem snerta sameiginlega hagsmuni.

Starfsemi ráðherranefndarinnar varðandi Hvíta-Rússland felur í sér stuðning við Evrópska Hugvísindaháskólann (EHU), útlagaháskólann í Vilnís í Litháen, með *EHU Trust Fund* sem er í umsjá Norrænu ráðherranefndarinnar og nýtur stuðnings frá 18 styrktaraðilum í Evrópu og Bandaríkjunum.

Þróun lýðræðis og efling borgaralegs samfélags njóta einnig stuðnings styrkjaáætlunar ráðherranefndarinnar fyrir frjáls félagasamtök (NGO) og hins nýja *Civil Society Stability for Belarus*, en það er verkefni sem Evrópusambandið fjármagnar en Norræna ráðherranefndin heldur utan um. Norræna ráðherranefndin heldur einnig utan um styrkjaáætlunina *Open Europe Scholarship Scheme* (OESS) sem einnig er fjármögnuð af ESB. Markmið áætlunarinnar er að veita námsmönnum frá Hvíta-Rússlandi tækifæri til æðri menntunar við evrópska háskóla.

Aðgerðir ráðherranefndarinnar gagnvart Hvíta-Rússlandi fara fram í nánu samstarfi við ESB.

Starfi Norrænu ráðherranefndarinnar að málefnum Norðurskautsins verður haldið áfram með samstarfsáætlun um málefni Norðurskautsins, en þar beinist áherslan að sjálfbærri þróun, með áherslu á loftslags- og umhverfismál, íbúa, heilsu, menntun og færniþróun. Aðgerðir í samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar um málefni Norðurskautsins eru í samræmi við forgangsröðun í stefnumörkun norrænu landanna, Norðurskautsráðinu, stefnumörkun ráðherranefndarinnar og annarra aðila sem málið varðar.

Ráðherranefndin vill einkum efla samstarf við grannsvæðin í vestri á sviði rannsókna, nýsköpunar og loftslagsmála og skapa samlegðaráhrif með samstarfsáætlun um málefni Norðurskautsins.

Sjálfbær þróun. Samstarfsráðherrar Norðurlanda hafa endurnýjað þátttöku í starfi að sjálfbærri þróun með því að semja nýja norræna áætlun um sjálfbæra þróun. Í áætlun um sjálfbæra þróun, *Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum*, koma fram þverfaglegar megináherslur í starfi Norrænu ráðherranefndarinnar. Sjálfbærnisjónarmið eiga að setja mark sitt á allt starf sem unnið er innan vébanda ráðherranefndarinnar.

Norræna ráðherranefndin á að stuðla að því að Norðurlönd haldi áfram að bæta velferð og lífsgæði núlífandi og komandi kynslóða með því að standa vörð um getu jarðar til að fóstura fjölbreytt lífríki.

Í áætluninni eru lagðar línur allt fram til ársins 2025 á eftirfarandi áherslusviðum:

- norrænt velferðarkerfi,
- lífvænleg vistkerfi,
- breytt loftslag,
- sjálfbær nýting auðlinda jarðar, ásamt
- menntun, rannsóknum og nýsköpun.

Fagsvið Norrænu ráðherranefndarinnar útfæra áætlunina nánar með verkefnum og þróuninni á Norðurlöndum er fylgt eftir með sjálfbærnivísunum.

Vinna að afnámi stjórnýsluhindrana fyrir einstaklinga og fyrirtæki verður með skýrara sniði og inntaki. Umboð Nefndar um afnám landamærahindrana rennur út 2013. Í maí 2012 var settur á fót norrænn starfshópur til að semja framkvæmdaáætlun til margra ára um starf að afnámi stjórnýsluhindrana og í starfi hans hefur orðið til yfirlit yfir núverandi og hugsanlega aðila sem hafa með stjórnýsluhindranir að gera. Framkvæmdaáætlunin var kynnt á Norðurlandaráðsþingi í Osló í október 2013. Markmiðið er að nýtt skipulag með fagsviðatengdum markmiðum verði komið í gagn 1. janúar 2014. Þáttur í þessu starfi verður einnig eftirfylgni með þeim tillögum að lausnum sem settar voru fram í skýrslu embættismannanefnda um félagsmál og vinnumarkaðssvið. Á árinu verður einnig lögð áhersla á stjórnýsluhindranir sem snerta starfsréttindi, skattamál fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem vilja starfa þvert á landamæri á Norðurlöndum og einstaklinga sem starfa í menningargreinum víðs vegar á Norðurlöndum.

Ráðherranefnd um vinnumál (MR-A) ber ábyrgð á samstarfi Norrænu ráðherranefndarinnar um vinnu- og vinnumarkaðsmál ásamt vinnuvernd og vinnurétti. Í samstarfsáætlun MR-A fyrir tímabilið 2013-2016 er lögð áhersla á hnattvæðingu og lýðþróun sem eru áskoranir til langs tíma og mun samstarfið einkum beinast að þeim málaflokkum. Enn fremur mun samstarfið eftir þörfum veita forgang hagsveiflutengdum áskorunum sem koma upp á tímabilinu.

Meginmarkmið samstarfsins er að tryggja skilvirkan norrænan vinnumarkað og vinnumál á samkeppnisfærum Norðurlöndum.

Meðal markmiðanna er að vinnuafli verði nægilegt, hæft og sveigjanlegt, að stemma stigu við atvinnuleysi meðal hópa sem standa höllum fæti og langtímaatvinnuleysi, að efla gott vinnuumhverfi á vinnustöðum, að styrkja jafnvægi milli launþegaverndar og sveigjanleika, að stuðla að jafnrétti og jafnræði á vinnumarkaði, að efla norrænt samstarf varðandi alþjóðlega löggjöf og að sporna gegn stjórnýsluhindrunum.

Ráðherranefnd um efnahags- og fjármál (MR-FINANS) tekur þátt í samstarfi á sviði efnahags- og fjármála um að skapa forsendur til að ná grundvallarmarkmiðum í efnahagsmálum, um stöðuga og heilbrigða efnahagsþróun með háu atvinnustigi og stöðugum hagvexti.

Málefni sem snerta Evrópusambandið hafa forgang í samstarfi á sviði efnahags- og fjármála. Einnig er haft kerfisbundið samráð og samstarf um málefni sem varða Evrópusambandið á efnahags- og fjármálasviði. Málefni sem snerta ESB og fjallað verður um á vettvangi Efnahags- og fjármálaráðsins (Ecofin) munu verða ofarlega á baugi. Önnur viðfangsefni sem gert er ráð fyrir að verði veigamiklir þættir starfsins á sviðinu á árinu 2014 eru eftirfylgni afnáms stjórnýsluhindrana milli norrænu landanna, kerfisbundið samráð og samstarf um skattamál og skattaundanskot og áframhaldandi samstarf til að samþætta efnahagsmálin í norræna stefnu um sjálfbæra þróun á skýrari hátt. Annað áherslusvið á árinu verður að fylgja eftir verkefni frá norrænu forsætisráðherrunum um grænan hagvöxt sem beinist að því hvernig efla megi fjármögnun vaxandi grænna fyrirtækja og fjárfestingar.

Ráðherranefnd um fiskveiðar og fiskeldi, landbúnað, matvæli og skógrækt (MR-FJLS) vinnur að því að efla sjálfbæra þróun á eftirfarandi fjórum fagsviðum; fiskveiðar og fiskeldi, landbúnaður, matvæli og skógrækt. Markmiðið er að styrkja forsendur hagvaxtar og velferðarþróunar sem jafnframt tryggir betri þróun í umhverfis-, heilbrigðis- og félagsmálum og svæðisbundnum málefnum.

Í samstarfinu verður því lögð áhersla á þrjú meginverkefni sem eiga það sameiginlegt að ná yfir landamæri og eru því um leið hluti af hnattrænum viðfangsefnum sem Norðurlönd og fagsvið MR-FJLS standa frammi fyrir:

- Samkeppnishæf framleiðsla;
- Sjálfbær stjórnun náttúruauðlinda;
- Aukin velferð.

Formennskuáætlun Íslendinga fyrir árið 2014 styður við rammaáætlunina. Meginþema formennskuáætlunar Íslendinga fyrir árið 2014 er lífhagkerfi. Áætlunin tekur til



þriggja ráðherranefnda og átta embættismannanefnda, þ.m.t. allra nefnda sem heyra undir fagsvið FJLS.

Ráðherranefnd um jafnréttismál (MR-JÄM) starfar

á grundvelli fjögurra ára samstarfsáætlunar um jafnréttismál, *Jafnrétti skapar sjálfbært samfélag 2011–2014*. Í samstarfsáætluninni beinist áherslan að þremur forgangssviðum, en það eru samstarf á Norðurlöndum, samstarf við Eystrasaltsríkin Þrjú og samstarf við Norðvestur-Rússland. Hver málaflakkur hefur svo eigin áherslur í samstarfinu. Á tímabilinu 2011–2014 hefur samstarf á sviði jafnréttismála mótast af tveimur þverfaglegum meginþemum, en það eru samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða og virk þátttaka karla og drengja. Í samstarfi á Norðurlöndum eru forgangsmálin jafnrétti á vinnumarkaði; jafnrétti í menntun, kyn, uppruni og jafnrétti ásamt því að þola ekki kynbundið ofbeldi. Í samstarfi við Eystrasaltsríkin eru forgangsmálin jafnrétti á vinnumarkaði, jafnréttisfræðsla, jafnrétti í almenningsrými ásamt því að þola ekki kynbundið ofbeldi. Í Norðvestur-Rússlandi eru jafnréttisfræðsla og það að þola ekki kynbundið ofbeldi þau mál sem veittur er forgangur.

Framtíðarsýn Norræna ráðherranefndarinnar um jafnréttismál er að vera öðrum fyrirmynd og kynna á alþjóðlegum vettvangi hvernig við á Norðurlöndum tökumst á við áskoranir hnattvæðingar einmitt með því að fylgja jafnréttisstefnu sem tryggir sjálfbær samfélög til framtíðar.

Ráðherranefnd um menningarmál (MR-K). Norræna ráðherranefndin er mikilvægur vettvangur fyrir norrænt samstarf á sviði menningarmála. Starfsemi ráðherranefndarinnar á menningarsviði snertir marga þætti formlegs jafnt sem óformlegs norræns samstarfs, innan og utan Norðurlanda. Norrænt samstarf á sviði menningarmála á að standa vörð um sögulega og menningarlega arfleifð landanna og tungumál og tryggja þannig samfellu. Jafnframt á samstarfið að vera opið fyrir nýjum menningarformum og straumum. Breytingar í umgjörð og skilyrðum menningarlífs og lista, í íbúasamsetningu, tækni og fleiru gera kröfur um sveigjanleika og endurnýjun.

Stjórnþæki ráðherranefndarinnar:

Stefna Norrænu ráðherranefndarinnar um menningarmál 2013–2020 sem ráðherranefnd um menningarsamstarf samþykkti þann 31. október 2012.

Í stefnu um norrænt menningarsamstarf fyrir tímabilið 2013–2020 er lögð áhersla á eftirfarandi fimm málaflakka:

- Sjálfbær Norðurlönd;
- Skapandi Norðurlönd;
- Þvermenningarleg Norðurlönd;
- Ung Norðurlönd;
- Stafræn Norðurlönd.

Undir þessum fyrirsögnum vill Norræna ráðherranefndin um menningarmál bregðast við breytingum og áskorunum líðandi stundar almennt og sérstaklega á menningarsviði. Málaflakkarinn styðja hver við annan og skarast. Stefnumörkunin á að vera stjórnþæki fyrir stofnanir og samstarfsaðila á vettvangi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ráðherranefnd um lagasamstarf (MR-Lag). Samstarf á löggjafarsviði fjallar m.a. um undirbúning í aðdraganda lagasetningar, fyrirbyggjandi aðgerðir og baráttu gegn glæpastarfsemi, samstarf varðandi ESB/EES-rétt ásamt samstarfi við réttarvörslustofnanir í Eystrasaltsríkjunum.

Til að tryggja samræmi í þróun réttarkerfa á grundvelli Helsingforssamningsins og samstarfsáætlunar á löggjafarsviði er farið yfir og fjallað um nýja og væntanlega löggjöf á Norðurlöndum.

Á vegum ráðherranefndarinnar hefur verið stofnaður tengslahópur Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna (Nordisk Baltisk Kontaktgruppe, NBCG). Meginmarkmið NBCG er að efla og styrkja samstarf Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna á réttarsviði.

Ráðherranefnd um umhverfismál (MR-M) á með samstarfi að umhverfismálum að stuðla að því að vernda og bæta umhverfis- og lífsgæði á Norðurlöndum, koma að stjórnun og hafa áhrif á alþjóðlegt samstarf. Samstarfið byggist á framkvæmdaáætlun um umhverfismál fyrir tímabilið 2013–2018 og hún er jafnframt mikilvægasta stjórnþækið.

Meginþemu í framkvæmdaáætlun um umhverfismál ná yfir svið sem á Norðurlöndum búa að sterkri hefð og áhuga á samstarfi og horfir jafnframt til framtíðar: græn samfélagsþróun, loftslagsbreytingar og mengun andrúmslofts, líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi ásamt heilsu og efnun sem eru hættuleg náttúrunni.

Norðurlönd og samstarf Norðurlanda á sviði umhverfismála er í brennidepli og verður fyrst og fremst í höndum starfshópa á umhverfissviði, en mun einnig njóta stuðnings umhverfisfjármögnunarfélagsins NEFCO og umhverfismerkisins Svansins. Á alþjóðavettvangi er áhersla lögð á samstarf við svæðisbundin samtök, t.d. Norðurskautsráðið, Barentsráðið og HELCOM (Helsinki Commission), en einnig samstarf á vettvangi ESB og í tengslum við alþjóðlega sáttmála á umhverfismálasviði, t.d. í umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna, UNEP.

Ráðherranefnd um atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER). Á sviði atvinnumála á MR-NER fyrst og fremst að tryggja að kyndilverkefnum nýju samstarfsáætlunarinnar fyrir 2014–2017 verði hrint í framkvæmd. Verkefnin eiga fyrst og fremst að beinast að því að efla samkeppnishæfni Norðurlanda, þ.m.t. að byggja upp sameiginlega þekkingu sem getur eft atvinnumál á Norðurlöndum. Það á t.d. við um sviðin nýsköpun í opinbera geiranum, þarfamiðaða nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Samstarfsáætlun um nýsköpun og atvinnumál fyrir tímabilið 2014–2017 var samín á árinu 2013. Einnig verður lögð áhersla á að hrinda af stað forgangsaðgerðum um lífhagkerfi.

Með samstarfsáætlun um orkumál fyrir 2014–2017 stuðlar MR-NER að grænum hagvaxtarsamfélögum með áreiðanlegu orkuframboði og sjálfbærri orku í þágu velferðar á Norðurlöndum. Norrænt samstarf um orkumál á að nýtast til að samræma enn frekar norrænan raforkumarkað og greiða fyrir markaðssetningu norrænnar sérþekkingar á sviði orkumála á alþjóðavettvangi. Áfram skal unnið markvisst að skilvirkum orkumarkaði og loftslagsvænum orkukerfum, orkunýtni og notkun endurnýjanlegrar orku ásamt þróun umhverfisvænni orku til samgangna á sjó, landi og í sjávarútvegi.

Norrænt samstarf um byggðamál á að tryggja innleiðingu markmiða á sviði byggðamála. Á sviði byggðamála hefur verið gerð samstarfsáætlun fyrir tímabilið 2013–2016 en hún á að: 1) stuðla að sjálfbærri svæðisbundinni velferðarþróun, 2) efla sjálfbæra byggðarþróun á Norðurskautssvæðum og 3) hvetja til græns hagvaxtar á öllum svæðum.

